



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Skólahúsnæði
- Skólahreysti
- Veistu Svarið
- Sól úti...sól inni
- Steypuhaus
- Menningarhátíð



GÓÐI segir:



“ef leitarðu til mín þá veistu svarið”
(úr hvaða lagi er þessi texti?)

FRAMTÍÐ ÁSLANDSSKÓLA !

Úr fundargerð fræðsluráðs frá 22. apríl 2014:

Fræðsluráð samþykkir eftirfarandi samhljóða:

Fræðsluráð áréttar að nauðsynlegt er að ráðast í brýnar úrbætur í húsnæðismálum Áslandsskóla og vísar málinu til frekari úrvinnslu og ákvarðanatöku í umhverfis- og framkvæmdaráði og til bæjarráðs.

Úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 23. apríl 2014:

(um bókun fræðsluráðs) Lagt fram til kynningar og sviðsstjóra falið að skoða málið milli funda.

Úr fundargerð bæjarráðs frá 23. apríl 2014:

(um bókun fræðsluráðs) Bæjarráð vísar fram komnum gögnum frá fræðsluráði ásamt leigu- og þjónustusamning um Áslandsskóla frá 16. mars 2000 til stjórnýslu Hafnarfjarðarbæjar og felur sviðsstjóra stjórnýslu að láta vinna umsögn.

Málið verður væntanlega rætt á bæjarstjórnarfundum miðvikudaginn 29. apríl kl. 14.00 í Hafnarborg.

Það ætti öllum að vera ljóst að núverandi húsnæði er fyrir löngu orðið of lítið. Vonandi tekst að afgreiða málið á næstu dögum og hefjast handa við að ljúka við byggingu Áslandsskóla.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

STÓRGLÆSILEG MENNINGARHÁTÍÐ

Hér gefur að líta nokkrar myndir frá stórkostlegum menningardögum í Áslandsskóla 2014.

Óhætt er að segja að undirbúningsdagar sem og hátíðin sjálf hafi heppnast ákaflega vel.



Sól úti...sól inni..

sól í hjarta, sól í sinni, sól bara sól

Framundan eru síðastu vikur skólaársins og daginn lengir hratt. Börnin fagna betra veðri og aukinni birtu og háttatíminn vill dragast á langinn. Meðan skólastarf er enn í gangi er samt mikilvægt að fara tímanlega að sofa og hvílast vel. Þann 1.maí lengist útivistartími barna um 2 klst, börn 12 ára og yngri mega vera úti til kl 22 og unglingar 13-16 ára til miðnættis. Þetta er mikill slaki sem er gefinn og það er alltaf í höndum foreldra að setja mörk fyrir sín börn. Skólabörn þurfa í kringum 10 tíma svefn auk tímans sem þarf til að ná sér niður eftir skóla og leik. Þá þarf lestur og heimavinna sinn tíma. Það ber vott um ást og umhyggju að setja börnum sínum skynsamleg mörk og ég hvet ykkur til að gera það áfram

Sumarkveðja

Gígja skólahjúkrunarfræðingur

Steypuhaus ?

Nú eru börnin komin á kreik með fákana sína, hjólin komin út og vindurinn leikur um hárið. Eða hvað? Er ekki örugglega hjálmur á hausnum?

Reglur segja að börn undir 15 ára aldri eigi að nota hjálm. Skynsemin segir að allir eigi að nota hjálm! Slysni gera ekki boð á undan sér og höfuðkúpan er alltaf úr beini(ekki steypu), sama hvað maður er gamall, svo hún getur brotnað eins og önnur bein. Ég hvet því alla, stóra sem smáa, unga sem aldna, að nota hjálm, alltaf! Þetta gildir að sjálfsgöðu líka fyrir þá sem nota rafmagnsvespur .

Nú í maí munu 1.bekkingar fá hjálma frá Kiwanis og er það sannarlega gott átak sem þeir standa fyrir.

Sumarkveðja

Gígja skólahjúkrunarfræðingur

FLOTTUR ÁRANGUR Í SKÓLAHREYSTI



Nemendur Áslandsskóla stóðu sig frábærlega í Skólahreysti 2014.

Í liði Áslandsskóla voru Nadía Atladóttir, Unnur Ösp Alfreðsdóttir, Tinna Ólafsdóttir, Andri Sigmarsson Scheving, Bjartur Freyr F. Eypórsson og Daði Snær Ingason.

Okkar fólk hafnaði í 5. sæti af 16 skólum með 58 stig.

ÞEIR VISSU SVÖRIN !



Áslandsskóli sigraði í spurningakeppni grunnskóla Hafnarfjarðar, Veistu svarið, en keppninni lauk í byrjun apríl.

Áslandsskóli sigraði lið Öldutúnsskóla í úrslitum, 24-22, úrslitakeppnin var haldin í Hamarssal Flensborgarskólans.

Í liði Áslandsskóla voru þeir *Valur Elli Valsson, Aðalsteinn Ingólfur Guðmundsson og Andri Freyr Viðarsson*. Þjálfari piltanna er *Garðar Guðmundsson* kennari.

Til hamingju með framúrskarandi árangur.



Kríúási 1

221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson

skólastjóri